

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Kaupangssveitar.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Kaupangssveitar. Heimili þess og varnarþing er í Eyja-fjarðarsveit.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að koma á fót og reka vatnsveitu fyrir félagssvæðið, sem við stofnun þess nær frá Austurhlíð að norðan að Þórustöðum VII að sunnan.

3. gr.

Stofnfélagar teljast þeir sem gerast aðilar að félaginu á stofnfundi eða innan fjögurra vikna frá því að stofnfundur er haldinn. Listi með nöfnum þeirra er fylgiskjal með samþykkt þessari og telst hluti hennar.

4. gr.

Hverjum vatnskaupanda fylgir eitt atkvæði í félaginu og er það bundið við eiganda fasteignarinnar á hverjum tíma. Réttindi og skyldur innan félagsins eru þannig bundin við fasteignir og fylgja þeim við sölu. Óheimilt er að skilja réttindi þessi og skyldur frá fasteignunum.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn og skal fyrsta stjórn þess kosin á stofnfundi og síðan árlega á aðalfundi félagsins sem halda skal fyrir apríllok ár hvert. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórnin fer með stjórn félagsins milli aðalfunda. Hún kemur fram fyrir þess hönd út á við og ritar firma þess. Stjórnarfundur skal halda eins oft og þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundur skal þó jafnan boða ef einhver stjórnarmaður krefst þess. Stjórnin skal halda nákvæma fundargerð um alla stjórnarfundu.

7. gr.

Almennir félagsfundir fara með æðsta vald í félaginu. Auk aðalfunda skal halda almenna félagsfundu, ef taka þarf ákvarðanir um að ráðast í dýrar framkvæmdir eða önnur mál, sem miklu varða fyrir félagið. Stjórn félagsins boðar til almennra félagsfunda. Skulu þeir boðaðir skriflega með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Víkja má frá þessu ef brýna nauðsyn ber til að boða fund með styttri fyrirvara. Stjórninni er skylt að boða til almenns félagsfundar, ef 25% félagsmanna krefjast þess skriflega og tilgreina það málefni sem óskast rætt á fundinum. Félagfundir eru löglegir ef löglega er til þeirra boðað. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum, ef ekki leiðir annað af samþykkt þessari.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins skal sjá til þess að bókhald þess og reikningsskil séu í samræmi við lög og góðar venjur. Endurskoðaðir reikningar skulu

lagðir fram til samþykktar á aðalfundi. Á aðalfundi skal kjósa löggiltan endurskoðanda félagsins.

9. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á fundinum til að breyting nái fram að ganga, enda sé að lágmarki þriðjungur félagsmanna mættur. Tillögur til breytinga á samþykktinni skulu hafa borist stjórn félagsins mánuði fyrir aðalfund og skulu þær ítarlega kynntar í fundarboði.

10. gr.

Stofnkostnaður vegna framkvæmda vatnsveitunnar skal greiddur af tengigjöldum sem félagar greiða. Heimilt er þó stjórn félagsins að taka lán til að standa undir hluta stofnkostnaðar enda sé þá gert ráð fyrir kostnaði þess vegna í gjaldskrá. Stjórn félagsins skal semja gjaldskrá fyrir afnot af veitunni, sem við það sé miðuð að rekstur hennar standi undir sér.

11. gr.

Félagið á öll mannvirki sem það reisir til öflunar og dreifingar vatns til félagsmanna, þar með talið lagnir að húsvegg viðtakanda. Félögum er skylt að leyfa lagningu aðveituæða um land sitt og gerð annarra mannvirkja sem nauðsynleg eru til að ná markmiði félagsins. Þess skal þó gætt að allar framkvæmdir séu unnar þannig að sem minnstri röskun valdi og að rask sé lagað að þeim loknum. Þá ber félögum að veita óheftan aðgang að landi sínu og húsum, sem nauðsynlegur er til viðhalds og viðgerða á eignum félagsins.

12. gr.

Allir þeir, sem fasteignir eiga á starfssvæði félagsins, hafa rétt til að gerst aðilar að því. Hinir nýju félagar og fasteignir þeirra verða þá háðir öllum réttindum og skyldum félagsins. Félaginu er rétt að krefjast þess að nýir félagar greiði að fullu allan aukakostnað sem leiðir af tengingu þeirra við vatnsveituna umfram það sem almenn gjaldskrá gerir ráð fyrir. Stjórn félagsins getur tímabundið hafnað aðildarumsókn ef hún telur að veitan hafi ekki yfir að ráða nægilegu vatni miðað við áætlaða vatnspörf umsækjandans.

13. gr.

Félagar geta sagt sig úr félaginu ef úrsagnarbeiðni þeirra er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða á löglegum félagsfundi enda sé að lágmarki þriðjungur félagsmanna mættur.

14. gr.

Félaginu skal slíta ef tillaga um slit er samþykkt með 2/3 hlutum allra atkvæða í félaginu á aðalfundi. Tillaga um félagsslit skal hafa borist félagsstjórn mánuði fyrir aðalfund ásamt greinargerð og skal hvort tveggja kynnt nákvæmlega í fundarboði.

Ef samþykkt er að slíta félaginu skal kjósa því skilanefnd, sem starfar eftir reglum um skilanefndir hlutafélaga.

15. gr.

Komi í ljós við félagsslit að eignir félagsins hrökkvi ekki fyrir skuldum skal skipta því sem upp á vantar á milli félagsmanna í hlutfalli við félagsgjöld þeirra skv. gjaldskrá. Hver um sig ber aðeins ábyrgð á greiðslu þess sem í hans hlut kemur af skuldum samkvæmt þessu. Að öðru leyti bera félagar ekki ábyrgð á skuldum félagsins út á við umfram framlög sín.

16. gr.

Ákvæði XI. kafla vatnalaga nr. 15/1923 gilda um félag þetta eftir því sem við á.

17. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra.

Samþykkt á stofnfundi Vatnsveitufélags Kaupangssveitar, sem haldinn var í Kaupangskirkju þann 17. júlí 2002, með breytingum á aðalfundi félagsins 15. júní 2006.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af Vatnsveitufélagi Kaupangssveitar staðfestist hér með samkvæmt 1. mgr. 104. gr. vatnalaga nr. 15/1923, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. mars 2008.

Össur Skarphéðinsson.

Kristján Skarphéðinsson.

Fylgiskjal.**Stofnfélagar Vatnsveitufélags Kaupangssveitar
skv. samþykktum félagsins dags. 26. mars 2008.**

Nafn	Kennitala	Heimili	Pnr.	Staður
1 Örlygur Helgason	190833-4969	Þórustöðum 2	601	Akureyri
2 Helgi Örlygsson	090655-3029	Þórustöðum 7	601	Akureyri
3 Anna Ringsted	080549-3699	Þórustöðum 4	601	Akureyri
4 Jón Ásmundsson	020647-3969	Þórustöðum 6	601	Akureyri
5 Óli Þór Ástvaldsson	080849-7969	Þórustöðum 5	601	Akureyri
6 Kristján Hannesson	160428-2289	Kaupangi	601	Akureyri
7 Bjarni Kristjánsson	310744-7519	Knarrarbergi	601	Akureyri
8 Erlingur Jónasson	111237-4259	Króksstöðum	601	Akureyri
9 Óðinn Svan Geirsson	101160-5999	Króksstöðum	601	Akureyri
10 Gunnar Thorarensen	200647-4169	Leifsstöðum	601	Akureyri
11 Ingvar Björnsson	021146-2859	Hafnarstræti 24	600	Akureyri
12 Jóhannes Gunnar Hermundarson	060325-3919	Gránufélagsgötu 23	600	Akureyri
13 Sveinn Bjarnason	070531-2839	Brúarlandi	601	Akureyri
14 Matthías Björnsson	091221-3499	Álfaklöpp	601	Akureyri
15 Sigurður Magnússon	290962-4719	Syðra-Laugalandi	601	Akureyri
16 Stefán Birgisson	200863-2249	Brúnahlíð 2	601	Akureyri
17 Jóhann Rúnar Sigurðsson	310164-2169	Brúnahlíð 3	601	Akureyri
18 Depill	450302-2790	Grundargötu 1	600	Akureyri
19 Haukur Harðarson	050853-4469	Brúnahlíð 4	601	Akureyri
20 Þórarinn Gunnarsson	281161-5209	Brúnahlíð 5	601	Akureyri
21 Sigrún Jóhanna Þorsteinsdóttir	140657-4929	Brúnahlíð 8	601	Akureyri
22 Karl Karlsson	180372-3779	Karlsbergi	601	Akureyri
23 Eldbjörg ehf.	520293-2139	Hafnarstræti 22	600	Akureyri
24 Mælifell ehf.	590195-2439	Háholti 2	690	Vopnafirði
25 Óli G. Jóhannsson	131245-2979	Háhóli	601	Akureyri
26 Ley ehf.	630591-1049	Miðteigi 7	600	Akureyri
27 Eiríkur Sveinsson	121134-2849	Breiðabliki	601	Akureyri
28 Einar Grétar Jóhannsson	180155-0079	Eyjarlandi	601	Akureyri
29 Jóhann Eysteinnsson	260671-4809	Eyjarlandi	601	Akureyri
30 Sólveig Jóhannsdóttir	250547-7069	Eyjarlandi	601	Akureyri
31 Bergur Erlingsson	210743-4999	Fosslandi II	601	Akureyri
32 Fossland ehf.	490801-2430	Eyjarlandi	601	Akureyri
33 Randver Karl Karlsson	171158-2579	Fosslandi I	601	Akureyri
34 Jón Trausti Björnsson	230947-7169	Fosslandi V	601	Akureyri
35 Bjarni Sigurjónsson	090847-3099	Brekkusíðu 7	603	Akureyri
36 Helgi Baldursson	060648-3289	Ekru	601	Akureyri
37 Guðmundur Lárusson	200645-3759	Bergstaðastræti 52	101	Reykjavík